



ÚRSKURÐAR- OG AGANEFND LH

Úrskurður 1/2023

ÚRSKURÐUR

Á fundi sem haldinn var þann 22. maí 2023, fjallaði Úrskurðar- og aganefnd um atvik sem varðar Sævar Þór Eggertsson, en hann fékk gult spjald frá öllum fimm dómurum á móti hestamannafélagsins Spretts á móti sem var haldið dagana 12.– 14. maí 2023 í B-úrslitum í tölti T3 í 1-flokki þar sem hann tók þátt á hestinum Báru frá Borgarnesi.

Málsatvik

Undirritaðri mótaskýrslu vegna ofangreinds móts var skilað þann 17. maí og barst hún nefndinni sama dag. Í mótaskýrslu kemur fram að keppandinn Sævar Eggertsson hafi fengið gult spjald frá öllum dómurum vegna óíþróttamannslegrar framkomu og rautt spjald fyrir ógilda sýningu.

Málið var til til umfjöllunar á fundi nefndarinnar þann 22. maí í þeim tilgangi að ákvarða viðurlög vegna ofangreinds brots, samanber 8. mgr. gr. 4.3 Reglugerðar um mótahald á Íslandi, en ekki kom fram í mótaskýrslu hvaða viðurlög keppandi skyldi hljóta vegna ofangreinds brots.

Samkvæmt B) lið gr. 4.2.4 í Reglugerð um mótahald á Íslandi, kemur fram að fái keppandi tvö gul spjöld eða fleiri, jafngildi það viðvörun/áminningu. Viðvörun/áminning samkvæmt reglunum getur annars vegar verið (i) viðvörun/áminning sem ekki er gerð opinber eða (ii) viðvörun/áminning sem er gerð opinber.

Í skýrslu yfirdómnefndar kemur fram að allir fimm dómarar hafi gefið keppanda gult spjald fyrir óíþróttamannslega framkomu, en samkvæmt nánari upplýsingum sem nefndin aflaði sér frá yfirdómara, mun keppandi hafa riðið úr braut í úrslitum í tölti T3 án leyfis dómara og horfið á braut án þess að gefa sig fram við mótstjórn eða frekari skýringa.

Um skyldu keppenda til að haga sér á íþróttamannslegan hátt er fjallað um í siða- og hátternisreglum, t.d. í greinum A1.1 og A1.5 og taldi nefndin að brot þetta kynni að jafngilda aðvörun/áminningu sem ekki verði gerð opinber.

Ofangreint var tilkynnt keppandanum með tölvupósti dagsettum þann 24. maí 2023 og honum gefin kostur á því að koma á framfæri skriflegum mótmælum eða athugasemdum. Keppandi svaraði þann sama dag og í athugasemdum hans kom fram að hann hafi riðið út af vellinum milli atriða í úrslitum, þar sem aðstæður hafi verið erfiðar vegna veðurs og honum hafi fundist sem hrossið hafi ekki verið eins og það á að sér að vera. Hann hafi ætlað að gefa sig fram við fótaskoðun, en þar hafi enginn verið og hann ekki áttað sig á því að ræða við yfirdómara eða aðra starfsmenn mótsins áður en reið á braut.

Niðurstaða

Dómarar mótsins gáfu keppandanum rautt spjald fyrir ógilda sýningu og fimm gul spjöld vegna óíþróttamannslegrar framkomu á móti hestamannafélagsins Spretts sem var haldið dagana 12–14. maí 2022.

Þessa ákvörðun gat keppandi kært til yfirdómnefndar í síðasta lagi hálf tíma eftir lok viðeigandi keppnisgreinar eins og segir í grein 4.1.2 í Reglum um mótahald á Íslandi. Þar sem keppandi kærði ekki þessa ákvörðun stendur hún óbreytt.



ÚRSKURÐAR- OG AGANEFND LH

Samkvæmt B) lið gr. 4.2.4 í Reglugerð skal keppandi sem fær tvö gul spjöld eða fleiri í keppnisgrein fá viðvörun/áminningu. Viðvörun/áminning samkvæmt reglunum getur annars vegar verið (i) viðvörun/áminning sem ekki er gerð opinber eða (ii) viðvörun/áminning sem er gerð opinber.

Það er niðurstaða Úrskurðar- og aganefndar að viðurlög við broti þessu skuli vera þau að keppandinn fái viðvörun/áminningu sem ekki er gerð opinber, samanber ákvæði gr. 4.2.3 og 4.2.4 í Reglugerð um mótahald á Íslandi.

ÚRSKURÐARORÐ

Keppandinn Sævar Þór Eggertsson fær áminningu sem ekki er gerð opinber.

Reykjavík 26. maí 2023

Ólafur Haraldsson, formaður

María Júlía Rúnarsdóttir

Pétur Örn Sverrisson